

Samningur um leigu á IKEA kerru



**Þú færð kerruna leigða í 2 klukkutíma án endurgjalds.
Hver aukaklukkustund kostar 2000 kr.**

Athugið að kerrurnar okkar eru með 13 póla tengi. Fyrir eldri bíla með 7 póla tengi þarf millistykki til að tengja kerru. Þau eru til sölu í vöruafgreiðslum okkar á 1.500 kr.

Skilyrði fyrir því að fá leigða kerru hjá IKEA:

- Kerran er eingöngu leigð til viðskiptavina IKEA og er farið fram á að eingöngu IKEA vörur verði fluttar með kerrunni.
- Ætlast er til þess að kerran sé einungis nýtt til flutninga á suðvesturhorni landsins á svæði sem afmarkast af Akranesi í norðri og Selfossi í austri. Ekki er leyfilegt að aka bifreiðinni utan bundins slitlags.
- Viðskipti við IKEA þann dag sem kerran er leigð er skilyrði og þarf leigutaki að sýna kvittun fyrir kaupum.
- Varan eða vörurnar sem leigutaki þarf að flytja verða að vera það fyrirferðarmiklar að þær passi ekki í farangursrými fólksbíls.
- Leigutaki þarf að framvísa gildu ökuskírteini. Bifreið leigutaka þarf að vera hæf til að draga kerruna og með gilda ábyrgðartryggingu.
- Einungis 18 ára og eldri geta fengið kerrur leigðar hjá IKEA.

Dagsetning: _____

Númer kerru: _____

Nafn leigutaka: _____

Kennitala: _____

Bílnúmer: _____

Heimilisfang: _____

Símanúmer: _____

Kerra tekin að láni klukkan: _____

Kerru skilað klukkan: _____

Samningur þessi er geymdur í mánuð frá gerð hans. Upplýsingarnar sem hér koma fram verða eingöngu notaðar í tengslum við kerruleiguna og aðeins ef þörf krefur.

Ljósrit af ökuskírteini



Skilmálar


Skilmálar hér fyrir neðan eru hluti af samningnum sem undirritaður er við upphaf leigu á IKEA kerru.

1. Aðild, ábyrgð og skilyrði fyrir leigu

1. Eigandi kerrunnar er Miklartorg hf, leyfishafi IKEA á Íslandi, hér eftir IKEA.
2. Leigutaka er einum heimilt að draga kerruna á samningstímanum.
3. Leigutaki verður að vera með gilt öskuskírteini.
4. Leigutaki ábyrgist að ökutækið sem notað er til að draga kerruna sé löglegt, með gilda ábyrgðartryggingu og hafi heimild til að draga kerruna.
5. IKEA verður aldrei ábyrgt vegna greiðslu kostnaðar sem orsakast af skemmdum, bilun, galla eða rangri notkun á kerrunni á leigutíma.
6. IKEA verður aldrei ábyrgt fyrir tapi leigutaka sem rekja má til kerrunnar á leigutímanum.
7. Leigutaka er óheimilt að lána eða framleigja kerruna.
8. Leigutaka er með öllu óheimilt að nota kerruna til flutnings á einhverju öðru en vörum keyptum í IKEA þann dag sem kerran er leigð.
9. Kerran er alls ekki ætluð til flutnings á mönnum eða lifandi dýrum.
10. Bíllinn má ekki vera í gangi þegar rafmagnssnúra er tengd milli kerru og bíls.

2. Ástand kerru við upphaf leigutíma

- 2.1 Leigutaki tekur við kerrunni í því ástandi sem hún er við upphaf leigutímans og lýsir því yfir með undirskrift að hann samþykki ástand hennar að öllu leyti. Sérstaklega þarf að kanna hvort ljós og stefnuljós séu í lagi.



Lýsing á ástandi kerru við upphaf leigutíma:

Undirskrift leigutaka:

Undirskrift starfsmanns IKEA:

3. Ástand kerru við skil – ábyrgðamál

- 3.1 Að loknum leigutíma skal skila kerrunni hreinni og í sama ástandi og hún var í við upphaf leigutímans. Ef IKEA telur þörf á þrifum á kerrunni að leigutíma loknum er IKEA heimilt að innheimta kostnað vegna þrifa að upphæð 5.000 kr. sem innheimtist við skil.
- 3.2 Allar skemmdir sem verða á kerrunni á leigutímanum eru alfarið á ábyrgð leigutaka. IKEA er heimilt að láta gera við skemmdirnar og krefja leigutaka um greiðslu vegna viðgerða.
- 3.3 Leigutaki ber alla ábyrgð sem rekja má til slæmrar eða rangrar umgengni á kerrunni.
- 3.4 Verði kerran fyrir alþjóni skal leigutaki greiða IKEA verðmæti kerrunnar eins og það er á hverjum tíma skv. útreikningi IKEA.
- 3.5 Ef það kemur í ljós að annað en IKEA vörur hafi verið fluttar í kerrunni leggst á 5.000 kr. aukagjald sem innheimtist við skil.

4. Gildistími leigusamnings – úrræði IKEA vegna brota á ákvæðum um gildistíma

- 4.1. Leigusamningur þessi rennur út á fyrirfram tilgreindum tíma. Framlenging samningsins er einungis heimil með samþykki IKEA.
- 4.2 Að leigutíma loknum skal leigutaki skila kerrunni til IKEA. Fari leigutími fram yfir umsamdan tíma þarf leigutaki að greiða afnotagjald sem IKEA er heimilt að skuldfæra af því kreditkort sem gefið var upp við upphaf samningsins.
- 4.3 Fyrir hverja byrjaða klukkustund sem leigutaki er með kerru framyfir umsaminn tíma er 2.000 kr. gjald.
- 4.4 Ekki er leyfilegt að vera með kerru á leigu yfir nótt.
- 4.5 Hægt er að skila kerrum til öryggisvarða IKEA eftir að hefðbundnum opnunartíma lýkur. Símanúmer öryggisvarða er 532-3620.
- 4.6 Skili leigutaki ekki kerrunni á umsömdum tíma er IKEA heimilt að sækja kerruna á hvern þann stað sem hana er að finna og taka í sína vörslu, allt á kostnað leigutaka.
- 4.7 Týnist kerran og finnist ekki innan 3ja vikna verður leigutaki krafinn um verðmæti kerrunnar eins og það er á hverjum tíma skv. útreikningi innflytjanda.

5. Tryggingar

- 5.1 Kerran er tryggð samkvæmt umferðarlögum þegar hún er í notkun og fest aftan í ökutæki. Kerran er ávallt á ábyrgð leigutaka.
- 5.2 Tjón sem hlýst af notkun kerrunnar þegar stöðugur vindur er meiri en 13 m/s eða meiri en 20 m/s í vindhviðum er ávallt og alfarið á ábyrgð leigutaka.